



## Þjóðhagsspá í nóvember

### Economic forecast, November

#### Samantekt

Útlit er fyrir að hagvöxtur verði 3,6% í ár. Gert er ráð fyrir að utanríkisviðskipti verði megindrifkraftur hagvaxtar á árinu en vægi innlendrar eftirspurnar verði minna en verið hefur undanfarin ár. Árið 2024 er reiknað með hægari umsvifum með minni vexti útflutnings og að hagkerfið vaxi um 2,1%. Óvissa ríkir um áhrif á spána vegna jarðhræringa á Reykjanesi síðustu daga.

Horfur eru á að það dragi úr vexti einkaneyslu eftir mikinn vöxt undanfarin tvö ár. Áætlað er að einkaneysla aukist um 1,7% í ár og 1,9% á næsta ári, m.a. vegna fleiri heildarvinnustunda. Útlit er fyrir að einkaneysla á mann dragist saman um 1,8% í ár og standi í stað á næsta ári. Gert er ráð fyrir vaxandi einkaneyslu á spátímanum samhliða minnkandi verðbólgu. Útgjöld hins opinbera til samneyslu jukust um 2,2% á síðasta ári. Reiknað er með að samneysla muni vaxa um 1,8% í ár og 1,6% á næsta ári. Hluttur samneyslu í vergri landsframleiðslu dróst kröftuglega saman í fyrra og var 26,2%. Búist er við að hlutfallið verði 26% í ár og hækki lítillega á næsta ári og verði 26,4%.

Vísbendingar eru um hægari vöxt atvinnuvegafjárfestingar á næstunni þar sem dregið hefur úr vexti í innflutningi á fjárfestingarvöru og veltu í byggingarstarfsemi auk þess sem fjármögnunarskilyrði hafa versnað. Á árinu er útlit fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 1,7%. Árið 2024 er reiknað með 1,9% aukningu og vegur þar samdráttur í fjárfestingu skipa og flugvéla nokkuð þungt. Gert er ráð fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3,6% árið 2025. Á síðasta ári dróst fjárfesting í íbúðarhúsnæði saman um 6,2%, annað árið í röð, eftir kraftmikinn vöxt árin 2016-2019. Merki eru um að hægt hafi á umsvifum í byggingariðnaði undanfarna mánuði. Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting dragist saman um 1,3% í ár og 4,1% á næsta ári en taki svo við sér síðar á spátímanum. Fjárfesting hins opinbera jókst um 3,3% á síðasta ári. Gert er ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 8,1% í ár einkum vegna samdráttar í fjárfestingu sveitarfélaga. Á næsta ári er gert ráð fyrir hóflegum vexti eða 0,5%.

Vöxtur útflutnings fer dvínandi eftir mikinn uppgang undanfarin tvö ár sem einkum má rekja til umsvifa tengdum ferðapjónustu. Talið er að vöxturinn verði liðlega 6% í ár en tæplega 4% á næsta ári. Á sama tíma og dregið hefur úr virkni hagkerfisins hefur hægt á vexti innflutnings. Talið er að hann muni aukast um 1,6% í ár en um 2% næsta ár. Jákvætt framlag utanríkisviðskipta til hagvaxtar rennir stoðum undir þann afgang sem talið er að verði á jöfnuði vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd í ár en búist er við að hann fari vaxandi næstu ár.

Horfur eru á að verðbólga hjaðni hægt á næstu misserum. Í ár er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki að meðaltali um 8,7% milli ára. Líkur eru á að innflutt verðbólga verði minni þar sem verðbólga í helstu viðskiptaríkjum hefur hjaðnað nokkuð hratt og gera spár alþjóðastofnana ráð fyrir hóflegri verðbólguþróun á næstu árum. Þá gerir þjóðhagsspá ráð fyrir minnkandi vexti í hagkerfinu og minni spennu á vinnumarkaði. Árið 2024 er útlit fyrir að verðbólga hjaðni og verði um


5,6% milli ára. Árið 2025 er reiknað með 3,6% verðbólgu en eftir það er gert ráð fyrir að verðbólga nálgest verðbólgu markmið Seðlabanka Íslands.

Atvinnuleysi var að meðaltali 3,4% fyrstu níu mánuði ársins. Horfur eru á að atvinnuleysi hafi náð lágmarki og verði að meðaltali 3,5% á árinu. Á næsta ári er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist og verði 4% að meðaltali samhliða minni vexti þjóðarútgjalda og minnkandi spennu í hagkerfinu. Heildarvinnustundum fjölgaði um 5,2% fyrstu níu mánuði ársins og fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 3,8%. Atvinnuþátttaka var nokkuð stöðug milli ára en gert er ráð fyrir að hún lækki lítillega næstu ár þegar dregur úr spennu í hagkerfinu. Horfur eru á að kaupmáttur miðað við launavísitölu aukist lítillega í ár eða um 0,9%. Flestir kjarasamningar renna út snemma á næsta ári. Óvissa ríkir um nýja samninga en gert er ráð fyrir að kaupmáttur launavísitölu aukist svipað á næsta ári eða um 1,1%.

Heimili hafa dregið úr lántökum sínum það sem af er ári og leitað í meira mæli í verðtryggða fjármögnun. Skuldir einkageirans eru sögulega lágur borið saman við verga landsframleiðslu og tekjur, auk þess sem vanskilahlutfall lána hjá innlánsstofnunum er með lægsta mótí. Eigið fé heimila hefur aukist mikið undanfarinn áratug og mældist við síðustu áramót um 265% af vergri landsframleiðslu. Hrein erlend eignastaða þjóðarbúsins hélt áfram að batna á árinu og mælist jákvæð um nærri fjórðung af vergri landsframleiðslu.


Helstu óvissuþættir í tengslum við spána<sup>1</sup>:

- Jarðhræringar á Reykjanesi.
- Niðurstöður kjarasamninga.
- Verðbólguþróun innanlands og erlendis.
- Alþjóðlegar efnahagshorfur.
- Stríðsátök í Úkraínu og fyrir botni Miðjarðarhafs.



Heimild: Hagstofa Íslands.

<sup>1</sup> Forsendur þjóðhagsspár byggja á gögnum sem lágu fyrir undir lok október.




Heimild: Hagstofa Íslands.

## Alþjóðleg efnahagsmál

Hægt hefur á hagvexti helstu viðskiptaríkja Íslands eftir kröftugan viðsnúning í kjölfar heimsfaraldursins sem hefur þó reynst þrautseigari en gert var ráð fyrir í upphafi árs. Þrátt fyrir erfiðleika á orku- og matvælamarkaði í kjölfar innrásar í Úkraínu og aðhaldssamrar peningastefnu í helstu viðskiptaríkjum hefur dregið úr hagvexti en hann þó ekki stöðvast. Vöxturinn hefur sérstaklega verið þróttmikill í Bandaríkjunum þar sem vinnumarkaður hefur haldist sterkur og stutt við ráðstöfunartekjur. Spár alþjóðastofnana gera ráð fyrir að hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum verði 1,2% í ár og 1,3% á næsta ári en árin 2025 og 2026 taki hagvöxtur við sér og verði 1,8% að jafnaði.

Verðbólga helstu viðskiptaríkja hefur hjaðnað nokkuð hratt á árinu. Lækkunin stafar aðallega af lækkun orkuverðs sem hækkaði snögg í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu og að einhverju leyti af lækkun á verði matvæla. Verðbólga hefur, þrátt fyrir hjöðnun, verið umfram markmið seðlabanka helstu viðskiptalanda sem hafa brugðist við með hækkun vaxta en hægt hefur á hækkunum undanfarna mánuði. Undirliggjandi verðbólga í Bandaríkjunum, Bretlandi og á evrusvæðinu hefur hjaðnað hægar en verðbólgan m.a. vegna eftirspurnarþrýstings. Byggt á spám alþjóðastofnana er gert ráð fyrir að viðskiptavegin verðbólga helstu viðskiptalanda verði 5,3% í ár en hjaðni eftir það og verði 3,2% á næsta ári og 2,2% að jafnaði árin 2025 og 2026.



Skýringar: Mánaðarlegar tölur, síðasta gildi október 2023.

Heimild: Alþjóðabankinn og Hagstofa Íslands.

Samkvæmt Bandarísku upplýsingastofnuninni um orkumál hefur dregið úr aukningu olúframboðs í ár vegna samkomulags OPEC+ ríkja um að draga úr framleiðslu og ákvörðunar Sádi-Arabíu um einhliða framleiðslusamdrátt. Olúverð hækkaði nokkuð í september eftir ákvörðun Sádi-Arabíu um að halda áfram framleiðslutakmörkunum út árið auk þess sem olúbirgðir í Bandaríkjunum voru þær lægstu frá ársbyrjun 2022. Nokkur óvissa ríkir um þróun olúverðs sökum átaka fyrir botni Miðjarðarhafs og ótta við að þau geti náð til nærliggjandi ríkja. Í byrjun nóvember lækkaði olúverð nokkuð einkum af ótta við minni eftirspurn eftir olú í Bandaríkjunum. Miðað við verð á olú í framvirkum samningum er búist við að það verði að jafnaði tæplega 15% lægra í ár en í fyrra en hækki eftir það um 1,6% á næsta ári. Árin 2025-2026 er búist við að olúverð lækki að jafnaði um rúm 5% að meðaltali.

Heimsmarkaðsverð á áli hélst nokkuð stöðugt á öðrum og þriðja fjórðungi ársins eftir að hafa lækkað frá fyrsta ársfjórðungi síðasta árs, þegar að það náði sögulegu hámarki í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu. Eftirspurn eftir áli hefur verið dræm þar sem dregið hefur úr efnahagssumsvifum á sama tíma og framleiðsla hefur aukist vegna lækkandi orkuverðs. Fyrstu níu mánuði ársins hefur ál lækkað í verði um rúm 24% miðað við sama tímabil í fyrra. Miðað við framvirka samninga er búist við að verð á áli verði að jafnaði um 20% lægra í ár en í fyrra en haldist nær óbreytt á næsta ári. Verð í framvirkum samningum benda til þess að heimsmarkaðsverð á áli muni hækka um tæplega 5% að meðaltali árin 2025 og 2026. Reiknað er með að útflutningsverð sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli hækki í ár en dregið hefur úr hækkunum síðustu mánuði. Í haust lækkaði verð botnfiskafurða en á móti vó hækkun á verði uppsjávarafurða. Talið er að hófleg lækkun verði á næsta ári þar sem gert er ráð fyrir hægari aukningu á framboði botnfisks á erlenda markaði, m.a. í ljósi skerðingar aflaheimilda í Barentshafi.

Eftir miklar verðhækkanir annarra hrávara árið 2021 og í ársbyrjun 2022 lækkaði verð um mitt síðasta ár. Sú þróun hefur haldið áfram það sem af er ári þó að hægt hafi á verðlækkunum undanfarna mánuði. Samkvæmt Alþjóðagjaldeyrissjóðnum hefur verð flestra helstu matvara lækkað töluvert og verð á korni lækkað um rúm 20% í ágúst frá febrúar. Ein fárra matvara sem ekki hefur lækkað í verði eru hrísgrjón en það má m.a. rekja til útflutningstakmarkana Indlands, stærsta framleiðanda hrísgrjóna, vegna fæðuöryggis. Óvissan um verð matvæla er að mestu leyti til hækkunar, einkum vegna loka samnings um öruggan flutning korns um Svartahaf og áhrifa veðurfars. Gert er ráð fyrir að verð annarra hrávara lækki að jafnaði um 9,6% í ár og 2,7% á næsta ári en haldist sem næst óbreytt árin 2025 og 2026.



## Utanríkisviðskipti

Verðmæti innflutnings á fyrstu sex mánuðum ársins var liðlega 18 milljörðum króna meira en verðmæti útflutnings eða um 0,9% af vergri landsframleiðslu en halli við útlönd var 0,4% á sama tíma í fyrra. Jöfnuður viðskipta við útlönd á öðrum ársfjórðungi batnaði milli ára sem einkum má rekja til aukningar í heimsóknum erlendra ferðamanna en á móti lækkaði verð útflutningsframleiðslu sem dró úr verðmæti vöruútflutnings. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum þjóðhagsreikninga reyndist vöxtur útflutnings á fyrri helmingi ársins vera um 9% miðað við sama tíma í fyrra þar sem þjónustuútflutningur jókst um 21,2% en á móti dróst vöruútflutningur lítillega saman. Hægt hefur á vexti innflutnings eftir sögulega mikinn vöxt síðustu tveggja ára. Á fyrri helmingi ársins reyndist hann vera um 1,6% sökum minni aukningar í ferðalögum Íslendinga erlendis ásamt samdrætti í innflutningi fjárfestingarvara og flutningatækja milli ára.

Horfur eru á að útflutningur aukist um 6,2% í ár. Það sem af er ári hefur þjónustuútflutningur í megindráttum þróast í samræmi við fyrri þjóðhagsspár en um 1.900 þúsund erlendir ferðamenn hafa sótt landið heim eða um þriðjung fleiri en árið 2022. Vísbendingar eru um að dregið hafi úr eyðslu hvers ferðamanns milli ára sem endurspeglast meðal annars í 10% færri gistinóttum á mann. Útlit er fyrir hóflegri fjölgun ferðamanna næsta ár en undanfarin misseri standist áætlanir um flugframboð til landsins. Nýtingarhlutföll gistirýma eru við sögulegt hámark sem endurspeglast m.a. í verðhækkun gistingar. Innland flugfélög hafa svipaða markaðshlutdeild á Keflavíkflugvelli og árið 2018 en á móti eru tekjur af farþegaflutningum lægri. Gera má ráð fyrir lítils háttar samdrætti vöruútflutnings í ár. Aflaheimildir þorsks eru lægri og sala á afurðum uppsjávarafra til erlendra aðila hefur gengið erfiðlega og útgerðarfyrtæki því safnað birgðum. Óvissa ríkir um verðmæti uppsjávarafurða næsta ár í ljósi ráðgjafar Hafrannsóknarstofnunar um enga loðnuveiði

en gera má ráð fyrir að hún verði endurskoðuð í kjölfar nýrra mælinga í byrjun næsta árs. Á móti vegur meiri hámarksafli botnfisks og aukning í útflutningsframleiðslu eldisfisks. Árið 2024 er spáð 3,7% vexti útflutnings en að hann aukist um 3% að jafnaði næstu ár.

Dregið hefur úr vexti innflutnings með minni virkni hagkerfisins. Talið er að hann aukist um tæplega 2% í ár en síðustu tvö ár jókst hann að jafnaði um 20% sem er sögulega mikill vöxtur. Eftir því sem líða tók á þetta ár fór ferðalögum Íslendinga erlendis fækkandi samanborið við síðasta ár þrátt fyrir aukið flugframboð og mældist samdrátturinn mestur í haust. Vöxtur þjónustuinflutnings milli ára hefur þar af leiðandi minnkað en hann hefur verið einn helsti burðarás mikils innflutnings síðustu ár. Á næsta ári er reiknað með að innflutningur aukist um 2,3% og að hann vaxi næstu ár í samræmi við innlend efnahagsumsvif.





Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.

Í ár er reiknað með afgangi á jöfnuði vöru- og þjónustuviðskipta við útlönd í fyrsta skipti í þrjú ár sem nemi um 0,1% af vergri landsframleiðslu. Hagfelldari áætlun en í júnispá stafar meðal annars af jákvæðara framlagi utanríkisviðskipta til hagvaxtar árið 2022 vegna endurskoðunar á þjóðhagsreikningum. Batnandi viðskiptakjör á seinni helmingi líðandi árs hallast á sömu sveif og styðja við batnandi afkomu. Gert er ráð fyrir að afgangurinn aukist næstu ár í samræmi við framlag utanríkisviðskipta. Jöfnuður þáttatekna og rekstrarframlaga reyndist jákvæður um 0,7% af vergri landsframleiðslu á fyrri helmingi ársins samanborið við 3,6% halla á sama tíma í fyrra. Batann má einkum rekja til neikvæðrar afkomu innlendra fyrirtækja í eigu erlendra aðila. Halli á viðskiptajöfnuði nam 0,2% af vergri landsframleiðslu á miðju ári en áætlað er að hann snúist í afgang þegar líða tekur á árið vegna bata á vöru- og þjónustujöfnuði. Á spátímanum er talið að afgangur á viðskiptajöfnuðinum verði að meðaltali um 1% af vergri landsframleiðslu.

## Þjóðarútgjöld

### Einkaneysla

Horfur eru á að dragi úr vexti einkaneyslu eftir mikinn vöxt undanfarin tvö ár. Áætlað er að einkaneysla aukist um 1,7% í ár og 1,9% á næsta ári. Á fyrri helmingi ársins jókst einkaneysla um 2,5% að raunvirði en aukningin var um 11,7% á sama tíma í fyrra. Nýir kjarasamningar tóku gildi í lok síðasta árs og byrjun þessa en vegna hárrar verðbólgu dróst kaupmáttur miðað við launavísitölu lítillega saman á fyrri hluta ársins. Heildarvinnustundir jukust um 4,5% á tímabilinu. Auknu framboði vinnu var mætt með fjölgun erlends starfsfólks en einstaklingum á vinnufærum aldri fjölgaði um 3,9% á fyrri hluta ársins. Einkaneysla á mann dróst saman um 1,4% á tímabilinu. Horfur eru á að samdrátturinn verði 1,8% á árinu í heild og að einkaneysla á mann standi í stað á næsta ári. Einkaneysla og kaupmáttur ráðstöfunartekna hafa breyst með mismunandi hætti síðustu ár. Uppsafnaður sparnaður myndaðist í faraldrinum þegar einkaneysla dróst saman og ráðstöfunartekjur jukust. Síðustu misseri hefur einkaneysla aukist meira en ráðstöfunartekjur og sparnaðarhlutfall heimila lækkað á ný. Á spátímabilinu er gert ráð fyrir að einkaneysla fylgi kaupmætti ráðstöfunartekna í frekari mæli.




**Skýringar:** Vergar ráðstöfunartekjur, úr tekjuskiptingauppgjöri Hagstofu Íslands, verðlagsleiðréttar með vísitölu neysluverðs.

**Heimild:** Hagstofa Íslands og Gallup.

Væntingar heimila, samkvæmt væntingavísitölu Gallup, hafa versnað síðustu mánuði. Verðbólga hefur verið þrálát og horfur eru á að vextir haldist hærrí lengur en áður var gert ráð fyrir. Vextir til lengri tíma á verð- og óverðtryggðum ríkibréfum hafa hækkað töluvert frá sumri. Utanlandsferðum Íslendinga fækkaði í sumar frá árinu 2022 þegar uppsöfnuð ferðapörf var í hámarki. Í ár fækkaði utanlandsferðum um 7,1% á öðrum og þriðja ársfjórðungi. Samdrátturinn hefur aukist síðustu tvo mánuði en ferðum fækkaði um 22% í september og október. Horfur eru á að einkaneysla breytist lítið á þriðja fjórðungi ársins en kortavelta og innflutningur neysluvara drógust saman á föstu verði á tímabilinu og nýskráningum bifreiða fækkaði. Á síðasta fjórðungi ársins eru horfur á aukningu í nýskráningum bifreiða þar sem fyrir liggur að ívilnanir vegna rafbíla minnka um áramótin.

Næsta ár er gert ráð fyrir að einkaneysla á mann verði svipuð og í ár. Meiri atvinna styður við einkaneyslu en gert er ráð fyrir að fjöldi ferðamanna aukist næsta ár og fólki á vinnufærum aldri fjölgi töluvert. Á móti draga háir vextir og verðbólga úr kaupmætti ráðstöfunartekna. Vanskil hafa ekki aukist þrátt fyrir aukna greiðslubyrði en skuldsetning er lág í sögulegu samhengi og eiginfjárstaða góð eins og kemur fram í nýjasta riti Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika. Mörg heimili eru með óverðtryggð lán með föstum vöxtum sem koma til vaxtaendurskoðunar á næstu tveimur árum. Fyrirséð er að greiðslubyrði geti hækkað töluvert þar sem nafnvextir nú eru hærrí en fastir vextir lánanna. Vanskil gætu aukist næstu ár en líklegt er að margir endurfjármagni skuldir sínar með verðtryggðum lánum til að lækka greiðslubyrði.

Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um 2,4% árið 2025 og um 2,5% að meðaltali út spátímabilið. Hluttur einkaneyslu í vergri landsframleiðslu var 51,7% árið 2022. Áætlað er að hluttur einkaneyslu verði 51,8% í ár og að meðaltali um 51,6% á spátímabilinu, lítillega yfir meðaltali síðustu 10 ára sem er 51,1%.





**Skýringar:** Einkaneysla á mann miðað við fjölda fólks á vinnufærum aldri.

**Heimild:** Hagstofa Íslands.

## Samneysla og opinber fjármál

Samneysluútgjöld hins opinbera jukust um 2,2% á síðasta ári. Hækkunin var meiri hjá ríkissjóði en sveitarfélögum en alls hækkuðu samneysluútgjöld ríkissjóðs um 12,9% en hækkunin hjá sveitarfélögum var 9,7%. Hluttur samneyslu í vergri landsframleiðslu dróst kröftuglega saman í fyrra og var 26,2% eftir að hafa verið 27,6% árið 2021. Þrátt fyrir samdrátt er hlutfallið enn vel yfir 24,8% meðaltali síðastliðinna tuttugu ára.

Á fyrri helmingi ársins hefur samneysla vaxið um 1,5% frá fyrra ári. Búist er við kröftugri vexti samneyslu síðari hluta ársins og gert ráð fyrir að hún vaxi um 2%. Fyrir árið er reiknað með að samneysla aukist um 1,8%. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2024 og áætlunum sveitarfélaga er gert ráð fyrir að enn hægi á vexti samneyslu á næsta ári og að hún vaxi um 1,6%. Árin 2025-2026 er búist við að vöxtur samneyslu verði tæplega 1% að jafnaði. Reiknað er með að hluttur samneyslu í vergri landsframleiðslu verði 26% í ár og aukist í 26,4% á næsta ári en lækki til ársins 2026 og verði 25,7%.



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.

Afkoma hins opinbera var neikvæð um 155 milljarða króna í fyrra eða 4,1% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar var afkoman neikvæð um 8,5% af vergri landsframleiðslu árið 2021. Tekjur hins opinbera voru um 43,5% af vergri landsframleiðslu á síðasta ári og jukust um 22,6% á milli ára. Á sama tíma námu útgjöld hins opinbera 47,5% af vergri landsframleiðslu og jukust um 11,2%. Vaxtagjöld hins opinbera jukust talsvert samhliða hárrí verðbólgu og hækkandi vöxtum. Hækkunin var um 68,7% á milli ára og námu vaxtagjöldin 5,8% af vergri landsframleiðslu í fyrra samanborið við 4% árið 2021.

Á fyrri helmingi ársins í ár hefur afkoma hins opinbera verið neikvæð um 36 milljarða króna sem nemur 1,8% vergrar landsframleiðslu. Afkoma ríkissjóðs fyrstu sex mánuði ársins var neikvæð um 34 milljarða króna og sveitarfélaga um 12 milljarða. Afgangur af rekstri almannatrygginga nam á sama tíma 10 milljörðum en almannatryggingar eru að mestu fjármagnaðar með tilfærslum úr ríkissjóði. Í fjárlögum ársins 2023 var gert ráð fyrir að frumjöfnuður ríkissjóðs (A1-hluta) yrði neikvæður um 50 milljarða í ár og að heildarafkoman yrði neikvæð um 120 milljarða króna. Í áætlun fyrir árið sem birt var í fjárlagafrumvarpi ársins 2024 er búist við að afkoman verði mun betri og að frumjöfnuður verði jákvæður um 47 milljarða en heildarafkoman neikvæð um 41 milljarð. Í fjárlagafrumvarpi ársins 2024 er áætlað að frumjöfnuður haldist jákvæður á næsta ári en að áfram verði halli á heildarfjöfnuði.


## Fjárfesting

### Atvinnuvegafjárfesting

Talsverð aukning hefur verið í atvinnuvegafjárfestingu síðustu tvö ár. Í nýju bráðabirgðauppgjöri þjóðhagsreikninga kemur fram að atvinnuvegafjárfesting hafi aukist um 5,8% á fyrri hluta ársins og um 7,5% á öðrum ársfjórðungi. Vöxturinn á öðrum ársfjórðungi var nokkuð almennur líkt og verið hefur síðustu misseri. Á öðrum ársfjórðungi jókst almenn atvinnuvegafjárfesting, sem undanskilur stóriðju, skip og flugvélar, um 6,6% frá fyrra ári. Fjárfesting í stóriðju og orkutengdum verkefnum jókst um 0,7% eftir að hafa aukist um tæp 14% á fyrsta ársfjórðungi. Fjárfesting í skipum og flugvélum ríflega tvöfaldaðist en sá liður er að jafnaði mjög sveiflukenndur.

Vísbendingar eru um hægari vöxt atvinnuvegafjárfestingar á næstunni. Innflutningur á fjárfestingavörum án flutningatækja hefur dregist saman að raunvirði síðustu þrjá ársfjórðunga og dregið hefur úr vexti virðisaukaskattsveltu í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. Fjármögnunarskilyrði hafa þrengst umtalsvert með hækkun vaxta og hægt hefur á útlánum til fyrirtækja að raunvirði. Reiknað er með að vöxtur á seinni helmingi ársins verði lítill en þar gætir einnig grunnáhrifa vegna mikillar aukningar atvinnuvegafjárfestingar seinni hluta síðasta árs. Á árinu er útlit fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 1,7%. Árið 2024 er reiknað með 1,9% aukningu og vegur þar samdráttur í fjárfestingu skipa og flugvéla nokkuð þungt. Gert er ráð fyrir að atvinnuvegafjárfesting aukist um 3,6% árið 2025 og um 5,1% árið 2026 en á þeim árum ættu framkvæmdir við Hvammsvirkjun að komast á fullt skrið.

Í ár er gert ráð fyrir að hlutur atvinnuvegafjárfestingar í vergri landsframleiðslu verði um 13,5%, sem er svipað hlutfall og árið 2022. Gert er ráð fyrir að hlutfallið haldist stöðugt út spátímam og verði að jafnaði nálægt tuttugu ára meðaltali. Á síðasta ári reyndist hlutur heildarfjárfestingar í vergri landsframleiðslu vera 22,2% en í ár er gert ráð fyrir að hlutfallið verði 21,8%, sem er einnig nálægt meðaltali síðustu tuttugu ára. Það sem eftir lifir spátímans er reiknað með að hlutur fjárfestingar haldist stöðugur og verði að meðaltali um 21,4%.




Heimild: Hagstofa Íslands.




### Íbúðafjárfesting og íbúðamarkaður

Á síðasta ári dróst fjárfesting í íbúðarhúsnæði saman um 6,2%. Var það annað árið í röð sem fjárfesting í íbúðarhúsnæði dregst saman eftir kraftmikinn vöxt árin 2016-2019. Á síðasta ári voru tæplega 3.000 íbúðir fullkláraðar skv. tölum Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar (HMS) sem jafngildir um 10% samdrætti en á sama tíma fjölgaði íbúðum á fyrri byggingarstigum.

Mikil umsvif virðast hafa verið á byggingamarkaði það sem af er árinu þó að nýlega séu vísbendingar um að eitthvað hafi hægst á. Fyrstu sex mánuði ársins jókst velta í byggingariðnaði skv. virðisaukaskattskýrslum (atvinnugreinaflokkar 41 bygging húsnæði; þróun byggingarverkefna og 43 sérhæfð byggingarstarfsemi) um rúm 29% á milli ára en á VSK-tímabilinu júlí-ágúst nam aukningin 6,8%. Að jafnaði hafa verið um 10,5% fleiri starfandi í byggingariðnaði það sem af er ári miðað við síðasta ár. Lítillega dró úr fjölgun starfandi í ágúst og september þó að þeim hafi fjölgað um 8% að jafnaði í þeim mánuðum. Vert er þó að hafa í huga að í fjölda starfandi er ekki unnt að greina frá þá sem starfa við annarskonar fjárfestingu t.a.m. mannvirkjagerð.



Heimild: Hagstofa Íslands.



Spá HMS á fullbúnum íbúðum sem miðast við talningu stofnunarinnar á íbúðum í byggingu gerir ráð fyrir að þær verði um 2.800 í ár sem er lítils háttar samdráttur frá síðasta ári. Á næsta ári er gert ráð fyrir að fullbúnar íbúðir verði um 2.600 en tæplega 3.000 árið 2025. Samkvæmt talningunni hafa ný verkefni dregist verulega saman og þeim íbúðum fjölgað þar sem framvinda hefur staðið í stað. Gert er ráð fyrir að íbúðafjárfesting dragist saman í ár og á næsta ári um 1,3% og 4,1%. Reiknað er með að íbúðafjárfesting taki við sér árið 2025 og aukist þá um 5,4% og 4,1% árið 2026.

Húsnæðisverð hefur haldið áfram að hækka á árinu þó verulega hafi dregið úr hraða hækkana. Hækkunin náði hámarki um mitt síðasta ár, skv. húsnæðisverðsvísitölu Hagstofu Íslands, þegar hún var um 25% milli ára. Framboð íbúða til sölu hefur stóraukist auk þess sem sölutími eigna hefur lengst sem bendir til þess að mesti þrýstingurinn á húsnæðisverð gæti verið yfirstaðinn. Í október var 12 mánaða hækkunin 3,2% og hafði þá aukist frá september þegar hún mældist 1,9%.


### Fjárfesting hins opinbera

Fjárfesting hins opinbera jókst um 3,3% á síðasta ári. Aukningin var einkum vegna mikils vaxtar í fjárfestingum sveitarfélaga en fjárfestingar þeirra jukust um tæp 20%. Þá keypti ríkissjóður Norðurlús við Austurbakka af Landsbankanum sem kemur fram í þjóðhagsreikningum sem opinber fjárfesting.


Á fyrri helmingi ársins hefur fjárfesting hins opinbera dregist saman um 7,5% frá síðasta ári. Kröftugur vöxtur í fjárfestingum ríkissjóðs fyrstu sex mánuði ársins hefur ekki náð að veða upp samdrátt í fjárfestingu sveitarfélaga sem dróst saman um rúmlega 10% á tímabilinu. Ekki er gert ráð fyrir að vöxtur fjárfestinga ríkissjóðs verði jafn kröftugur síðari hluta ársins einkum vegna grunnáhrifa vegna kaupa á húsnæði af Landsbanka. Miðað við árið er gert ráð fyrir að fjárfesting hins opinbera dragist saman um 8,1%.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi ársins 2024 liggur meginþungi fjárfestinga ríkissjóðs í samgönguframkvæmdum, til byggingar nýs Landspítala og í stofnframlögum til byggingar og kaupa á hagkvæmum leiguíbúðum. Fjárfestingum í nýbyggingum ríkisins hefur verið frestað vegna þenslu, aukinnar verðbólgu og aðhaldsráðstafana auk þess sem önnur verkefni fara hægar af stað en áður hafði verið ráðgert. Að teknu tilliti til áætlana ríkissjóðs er reiknað með að fjárfesting hins opinbera aukist um 0,5% á næsta ári en vaxi eftir það um 2,9% árið 2025 og 3,4% árið 2026.

Hluttur fjárfestingar hins opinbera í landsframleiðslu var um 4,1% í fyrra, sem er hærra en 3,7% meðaltal síðastliðinna 20 ára. Útlit er fyrir að hlutfallið lækki og verði um 3,7% í ár og 3,6% árin 2024-2026.




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagstofa Íslands og sveitarfélög.




## Vinumarkaður og laun

Atvinnuleysi var að meðaltali 3,4% fyrstu níu mánuði ársins samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands (VMR) en 3,9% á sama tímabili í fyrra. Horfur eru á að atvinnuleysi hafi náð lágmarki og verði að meðaltali 3,5% á árinu. Næsta ár er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist og verði 4% að meðaltali samhliða minni vexti þjóðarútgjalda og minnkandi spennu í hagkerfinu. Heildarvinnustundum fjölgaði um 5,2% fyrstu níu mánuði ársins sem bætist við 6,7% aukningu síðasta árs sem var mesta aukning frá upphafi mælinga VMR. Auknu framboði atvinnu hefur verið mætt með innfluttu vinnuafli en fólki á vinnufærum aldri fjölgaði um 3,8% á fyrstu níu mánuðum ársins. Atvinnuþátttaka var nokkuð stöðug milli ára og var að meðaltali 80,8% á fyrstu níu mánuðum ársins en 80,3% á sama tíma í fyrra. Gert er ráð fyrir að atvinnuþátttaka lækki lítillega næstu ár þegar dregur úr spennu í hagkerfinu. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi aukist áfram árið 2025 og verði að meðaltali 4,2%. Skráð atvinnuleysi var 3,2% í október samkvæmt Vinnumálastofnun og voru að meðaltali 6.010 atvinnulausir í mánuðinum. Skráð atvinnuleysi hefur nú hækkað þrjú mánuði í röð eftir að hafa náð 2,8% lágmarki í júlí.




Heimild: Hagstofa Íslands og Vinnumálastofnun.



Fjöldi starfandi samkvæmt staðgreiðsluskrá jókst um 4,7% á fyrstu níu mánuðum ársins. Fjölgunin hefur verið misjöfn milli atvinnugreina. Starfandi í einkennandi greinum ferðaþjónustu fjölgaði um 13,6% en rúmlega 3.800 fleiri voru starfandi í greininni að meðaltali á mánuði á tímabilinu. Aukning er einnig mikil í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, þrátt fyrir samdrátt í fjárfestingu íbúðahúsnæðis, en fjöldi starfandi jókst um 10,5% að meðaltali á fyrstu níu mánuðum ársins eða rúmlega 1.700 manns. Eftirspurn eftir starfsfólki virðist enn vera mikil en 6.750 störf voru laus á þriðja ársfjórðungi. Fjölgaði þeim á milli fjórðunga en á öðrum fjórðungi voru 6.410 störf laus. Þeim fækkaði hins vegar á milli ára en 9.060 störf voru laus á sama tíma í fyrra.

Launavísitala reglulegra launa hefur hækkað um 9,9% að meðaltali á fyrstu níu mánuðum ársins, en á síðasta ári nam hækkunin 8,3% að meðaltali. Kjarasamningar meirihluta aðila á almennum markaði tóku gildi í lok síðasta árs og í byrjun þessa árs. Horfur eru á að kaupmáttur miðað við launavísitölu aukist lítillega í ár eða um 0,9% en verðbólga hefur verið mikil. Flestir samningar renna út snemma á næsta ári en mikil óvissa ríkir um niðurstöðu þeirra. Gert er ráð fyrir að kaupmáttur launavísitölu aukist svipað á næsta ári eða 1,1%. Óvissa um launahækkanir næstu ár er hins vegar mikil en gert er ráð fyrir að vísitala kaupmáttar launa hækki á spátímanum samhliða lækkanum verðbólgu.




**Skýringar:** Kaupmáttur miðað við vísitölu neysluverðs.  
**Heimild:** Hagstofa Íslands.


## Verðbólga, gengi og stýrivextir

Dregið hefur úr verðbólgu sem náði hámarki á fyrsta fjórðungi ársins. Rætur verðbólgunnar hafa legið víða undanfarin misseri. Verðbólga í helstu viðskiptalöndum jókst hratt á síðasta ári m.a. vegna kröftugs efnahagsbata, eftirmála heimsfaraldursins og áhrifa stríðsins í Úkraínu á orku- og hrávöruverð. Verðhækkunarir erlendis höfðu áhrif á innflutningsverð á vörum og aðföngum í innlenda framleiðslu á Íslandi. Kröftugur hagvöxtur, mikil spennan á vinnumarkaði og launahækkunarir hafa einnig aukið verðbólguþrýsting innanlands. Mest áhrif á verðbólgu hafa þó verið vegna verðhækkana á húsnæði og áhrifa þeirra á reiknaða leigu í húsnæðislið vísitölu neysluverðs.

Í október hækkaði vísitala neysluverðs um 7,9% frá fyrra ári en án húsnæðis hækkaði hún um 7,3%. Ársbreyting vísitölu náði hámarki í febrúar þegar hún jókst um 10,2%. Verðbólgan hefur náð til margra þátta undanfarið. Búvörur og grænmeti hækkuðu um 12,1% í október frá fyrra ári og innfluttar mat- og drykkjarvörur um 12,1%. Verð á opinberri þjónustu hækkaði um 7,5% og á annarri þjónustu um 7,8%. Verðbreytingar á innfluttum vörum hafa að jafnaði dregið úr verðbólgu á árinu og í október var hækkingin um 5,3% frá fyrra ári, þar af lækkaði bensín um 2% frá síðasta ári. Verð á bensíni hefur þó hækkað síðustu þrjú mánuði vegna hækkunar á olíuverði á heimsmörkuðum. Húsnæði hefur verið meginþráttur verðbólgu síðastliðin tvö ár. Fram eftir ári dró úr framlagi húsnæðis til verðbólgu en síðustu tvo mánuði hefur hlutur húsnæðis í verðbólguþróun aukist líttilega þar sem verð á húsnæði hækkaði auk þess sem raunvextir hafa hækkað.



**Heimild:** Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands.



**Skýringar:** Mánaðarmeðaltöl, síðasta gildi október 2023.

Horfur eru á að verðbólga hjaðni hægt á næstu misserum. Í ár er reiknað með að vísitala neysluverðs hækki að meðaltali um 8,7% milli ára. Líkur eru á að innflutt verðbólga verði minni þar sem verðbólga í helstu viðskiptaríkjum hefur hjaðnað nokkuð hratt og gera spár alþjóðastofnana ráð fyrir hóflegri verðbólguþróun á næstu árum. Þá gerir þjóðhagsspá ráð fyrir minnkandi vexti í hagkerfinu og minni spennu á vinnumarkaði. Árið 2024 er útlit fyrir að verðbólga hjaðni og verði um 5,6% milli ára. Árið 2025 er reiknað með 3,6% verðbólgu en eftir það er gert ráð fyrir að verðbólga nálgist verðbólguþátt Seðlabanka Íslands.

Gengi krónunnar styrktist um tæplega 5% milli mánaðarmeðaltala í maí og fram til ágúst. Í september fór gengið að veikjast og hafði styrking sumarsins að mestu gengið til baka í lok október. Ætla má að gjaldeyrisinnflæði hafi aukist á árinu með auknum fjölda ferðamanna en á móti vegur að nettó gjaldeyrisútlæði vegna verðbréfakaupa jókst í haust eftir að hafa verið með minna móti um sumarið. Velta á gjaldeyrismarkaði hefur dregist saman frá fyrra ári en í október var uppsöfnuð heildarvelta 189,2 milljarðar en á sama tímabili í fyrra nam veltan 327,3 milljörðum króna.

Á þriðja ársfjórðungi styrktist raungengi krónunnar m.v. verðlag um tæp 2,6% frá fyrra ári. Raungengið er nú um 8% yfir langtímameðaltali frá 1980.

Á síðasta fundi peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands í október var ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum í 9,25%. Er það í fyrsta skipti sem vöxtum er haldið óbreyttum frá mars 2021 en eftir það hafa stýrivextir hækkað um 8,5 prósentur. Helstu rök peningastefnunefndar fyrir óbreyttum stýrivöxtum voru að undirliggjandi verðbólga hefur hjaðnað og að vísbendingar væru um að verðhækkningar væru ekki á eins breiðum grunni og áður. Þá hafi verðbólguvæntingar lækkað miðað við nokkra mælikvarða og hægt á eftirspurn í hagkerfinu á árinu.



## Fjármálaleg skilyrði

Heimili hafa dregið úr lántökum sínum hjá innlendum fjármálafyrirtækjum það sem af er ári. Verðtryggð lán hafa verið bróðurpartur nýrra lána. Þetta er breyting frá samsetningu nýrrar fjármögnunar heimilanna undanfarin ár þegar vextir voru lágir en þó er langur vegur þar til vægi verðtryggðra lána nái þeim hæðum sem einkennandi voru fyrir tímabilið eftir síðustu aldamót. Lágt vægi verðtryggðra lána, minni lántaka og hagvöxtur hefur stuðlað að sögulega lágu hlutfalli skulda heimila af vergri landsframleiðslu sem nú er um 75%. Í hlutfalli við ráðstöfunartekjur eru skuldir um 150% og hafa lækkað frá árinu 2021 en þar hafa breytingar launa og aukin atvinna mikil áhrif. Upplýsingar frá innlánsstofnunum benda til að vanskilahlutfall útlána til heimila sé enn sögulega lágt en að hlutfall lána í frystingu hafi hækkað lítillega milli ára. Innlán heimila hafa aukist að raunvirði milli ára á sama tíma og vaxtastig hefur hækkað og binditími verðtryggðra innlána verið afnuminn, en innlán á mann hafa u.þ.b. staðið í stað. Frá árinu 2010 hefur hlutfall eigin fjár heimila á móti vergri landsframleiðslu aukist úr jafnvirði vergjar landsframleiðslu í um 265% í lok árs 2022. Aukningin skýrist að miklu leyti af eignamyndun í fasteign samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar.

Atvinnufyrirtæki drógu úr nýrri lánsfjármögnun eftir því sem líða tók á árið en á móti jókst útgáfa þeirra á markaðsskuldabréfum. Samkvæmt upplýsingum innlánsstofnana hafa fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð verið einna umfangsmest í lántöku og lán þeirra haft mest áhrif til hækkingar fyrirtækjaskulda hagkerfisins milli ára. Ástæðurnar má sennilega rekja til fjölgunar eða tafa á sölu nýbygginga. Skuldastaða atvinnufyrirtækja hefur þróast með jákvæðum hætti og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur hún lækkað nær samfelld frá árinu 2008 og er nú um 77,5%. Vanskilahlutföll útlána innlánsstofnana til fyrirtækja hafa lítið breyst undanfarið þrátt fyrir að vextir hafi hækkað og eru þau enn sögulega lág. Hlutabréfaverð skráðra fyrirtækja í Kauphöll Íslands hefur lækkað um 18% frá áramótum miðað við OMXIPI vísitöluna en víða erlendis hefur hlutabréfaverð fremur hækkað, t.d. um 15% vestanhafs. Ekki er útilokað að hröð hækking stýrivaxta undanfarin misseri hafi haft áhrif á væntingar innlendra fjárfesta.

Í lok annars ársfjórðungs voru erlendar eignir þjóðarþúsins líðlega 1.158 milljörðum krónum meiri en skuldir. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 27,6% af vergri landsframleiðslu og batnaði um 4,1 prósentustig frá fyrri fjórðungi vegna gengis- og verðbreytinga. Hreint innflæði fjármagns til

nýfjárfestinga fyrstu átta mánuði ársins var jákvætt um 15 milljarða króna en dróst saman milli ára. Vergur gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands nam ríflega 18% af vergri landsframleiðslu í lok september en skammtímaskuldir hagkerfisins við útlönd eru nokkuð lægri á sama mælikvarða. Í haust staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings óbreytta „A“ láns hæfiseinkunn ríkissjóðs og áframhaldandi stöðugar horfur. S&P Global Ratings hækkaði sitt mat á láns hæfi ríkissjóðs úr „A“ í „A+“ með stöðugum horfum. Fyrirtækin telja m.a. að hagkerfið sé vel í stakk búið til að mæta ytri áföllum með núverandi stöðu gjaldeyrisforðans og sjóðsstöðu ríkissjóðs. Innlenda fjármálakerfið sé traust og efnahagsreikningur einkageirans standi traustum fótum alþjóðlega og í sögulegum samanburði.



**Skýringar:** Bráðabirgðatölur fyrir skuldir heimila sem hlutfall af ráðstöfunartekjum árið 2023. Hrein erlend staða þjóðarbúsins án innlánsstofnanna fyrir árin 2008-2014.  
**Heimild:** Eurostat, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

## English summary

Iceland's GDP is projected to increase by 3.6% this year. Growth dynamics are changing as GDP growth will be driven by net exports while growth in domestic demand is expected to ease, following robust growth for the last two years. In 2024 GDP is forecast to grow by 2.1% as export growth eases. Risks to the outlook have increased, especially uncertainty regarding a possible volcanic eruption on the Reykjanes peninsula. A state of emergency has been declared and a local town has been evacuated, which is at risk along with critical infrastructure that can affect the entire peninsula.

Private consumption growth is expected to decelerate, following a notable expansion in the past two years. Private consumption is projected to rise by 1.7% this year and by 1.9% next year, influenced mainly by an increase in working hours. Per capita private consumption is expected to contract by 1.8% this year, before stabilizing next year. Over the forecast period, private consumption is anticipated to grow as inflation rates decline. Public consumption grew by 2.2% last year. Public consumption is expected to grow by 1.8% this year and 1.6% next year but will slow down in the following years.

There are indications that growth in business investment is slowing down as financial conditions tighten, imports of capital goods cool and growth in VAT turnover in construction slows down. Business investment is set to increase by 1.8% this year and 1.6% in 2024. Housing investment decreased by 6.2% last year for the second year in a row after a robust growth at the end of the last decade. Housing investment is projected to contract by 1.3% this year and 4.2% next year. Public sector investment grew by 3.3% last year. This year public sector investment is expected to decline by 8.1% due largely to contraction in the investment of municipalities. A turnaround is projected next year as public sector investment is expected to grow by 0.5%.

Export growth is waning after a strong growth in the past two years, which can mainly be attributed to the tourist sector. It is estimated that exports will increase by approximately 6% this year, tapering off to nearly 4% next year. As economic activity eases, the momentum in import growth is also moderating, with an anticipated increase of approximately 1.6% in the present year and a projected 2% growth in the ensuing year. The positive contribution of foreign trade to economic growth underpins the surplus that is expected to be in the balance of trade this year, and the surplus is expected to grow in the coming years.

Inflation is set to ease gradually in the near term. The consumer price index is forecast to increase by 8.7% this year. Inflation is set to decline as the economy cools and cost pressures from inflation abroad ease. Inflation is set to decline to 5.6% in 2024 and reach 3.6% in 2025 and edge closer to the Central Bank's 2.5% inflation target in the following year.

Unemployment averaged 3.4% in the first nine months of the year. Unemployment has likely bottomed out and is expected to average 3.5% this year. In the forthcoming year, unemployment is anticipated to increase, reaching an average of 4%. This increase aligns with decelerating GDP growth. In the first nine months of the year total working hours increased by 5.2% and people of working age increased by 3.8%. The purchasing power measured by the wage index is expected to increase by 0.9% this year. With most collective bargaining agreements set to expire early next year, there is uncertainty regarding new negotiations. However, it is projected that the wage index's purchasing power will increase by about 1.1% next year.

Households have reduced their borrowing this year while increasingly seeking inflation-indexed financing. Private sector debt is historically low compared to GDP and income, and the default rate of loans at depository institutions rank among the lowest. Household equity has increased substantially over the past decade, reaching approximately 265% of GDP by the end of last year. Iceland's international investment position continued to improve until this year and is positive by 27.6% of GDP.

**Tafla 1. Landsframleiðsla 2022–2029**  
**Table 1. Gross domestic product 2022–2029**

Magnbreyting frá fyrra ári (%) Volume growth from previous year (%)	Framreikningur Extrapolation							
	2022 <sup>1</sup>	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Einkaneysla <i>Private final consumption</i>	8,5	1,7	1,9	2,4	2,6	2,6	2,5	2,5
Samneysla <i>Government final consumption</i>	2,2	1,8	1,6	0,8	1,0	1,0	0,7	0,7
Fjármunamyndun <i>Gross fixed capital formation</i>	7,6	-0,7	0,4	3,9	4,6	1,1	2,1	2,9
Atvinnuvegafjárfesting <i>Business investment</i>	15,0	1,7	1,9	3,6	5,1	1,1	1,6	2,9
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði <i>Housing investment</i>	-6,2	-1,3	-4,1	5,4	4,1	3,6	3,4	3,1
Fjárfesting hins opinbera <i>Public investment</i>	3,3	-8,1	0,5	2,9	3,4	-2,3	2,1	2,3
Þjóðarútgjöld alls <i>National final expenditure</i>	6,6	1,4	1,5	2,3	2,6	1,8	1,9	2,1
Útflutningur vöru og þjónustu <i>Exports of goods and services</i>	22,3	6,2	3,7	3,0	2,8	3,3	3,0	2,6
Innflutningur vöru og þjónustu <i>Import of goods and services</i>	19,9	1,6	2,3	2,4	2,5	1,9	2,0	2,0
<b>Verg landsframleiðsla <i>Gross domestic product</i></b>	<b>7,2</b>	<b>3,6</b>	<b>2,1</b>	<b>2,6</b>	<b>2,7</b>	<b>2,5</b>	<b>2,4</b>	<b>2,4</b>
Vöru- og þjónustujöfnuður (% af VLF) <i>Goods and services balance (% of GDP)</i>	-0,4	0,1	0,5	0,9	1,1	1,6	2,1	2,3
Viðskiptajöfnuður (% af VLF) <i>Current account balance (% of GDP)</i>	-2,0	0,1	0,0	0,4	0,7	1,1	1,6	1,9
VLF á verðlagi hvers árs, ma. kr. <i>Nominal GDP, billion ISK</i>	3.797	4.199	4.520	4.818	5.099	5.361	5.638	5.931
Vísitala neysliverðs <i>Consumer price index</i>	8,3	8,7	5,6	3,6	2,8	2,5	2,5	2,5
Gengisvísitala <i>Exchange rate index</i>	-3,0	2,2	-1,1	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Raungengi <i>Real exchange rate</i>	3,9	1,0	3,4	1,2	0,7	0,4	0,4	0,4
Atvinnuleysi (% af vinnuafli) <i>Unemployment rate (% of labour force)</i>	3,8	3,5	4,0	4,2	4,1	4,1	4,0	4,0
Vísitala kaupmáttar launa <i>Real wage rate index</i>	0,0	0,9	1,1	1,0	1,6	1,6	1,6	1,6
Hagvöxtur í helstu viðskiptalöndum <i>GDP growth in main trading partners</i>	3,2	1,2	1,3	1,8	1,8	1,6	1,5	1,5
Alþjóðleg verðbólga <i>World CPI inflation</i>	7,6	5,3	3,2	2,3	2,1	2,0	2,0	2,0
Verð útflutts áls <i>Export price of aluminum</i>	31,4	-20,2	-0,1	5,5	4,0	3,6	2,1	0,2
Olíuverð <i>Oil price</i>	39,8	-14,9	1,6	-6,3	-4,6	-3,7	-3,1	-2,4

<sup>1</sup> Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*













FIGURE 9  
Public consumption  
Annual real change




FIGURE 10  
Public consumption  
% of GDP




FIGURE 11  
Gross fixed capital formation and contribution of components  
Annual real change




FIGURE 12  
Residential construction  
Annual real change



FIGURE 13  
Residential construction  
% of GDP




FIGURE 14  
Public investment  
Annual real change



FIGURE 15  
Public investment  
% of GDP











FIGURE 16  
Unemployment  
Unemployment - 3 month moving average  
Registered unemployment including reduced employment benefits  
Registered unemployment





# Hag tíðindi Þjóðhagsspá

Statistical Series *Economic forecast*

108 árg. • 7. tbl. 17. nóvember 2023

ISSN 1670-4770 Umsjón Supervision

Marinó Melsted • [marino.melsted@hagstofa.is](mailto:marino.melsted@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) • [www.statice.is](http://www.statice.is)

Sími Telephone +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*